

Veikindaréttur, skráning veikindadaga og mat á fjárhagslegum áhrifum fjarvista starfsmanna

Halla Margrét Tryggvadóttir
Starfsmannastjóri Akureyrarbæjar



Umfjöllun í dag

- Veikindaréttur
- Skráning veikindadaga
- Mat á fjárhagslegum áhrifum fjarvista starfsmanna



Veikindaréttur starfsmanna

Samanburður á veikindarétti starfsmanna sem eru ráðnir í starfshlutfall ekki tímavinnu:

- Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) og Starfsgreinasambandið (SGS)
- Samtök atvinnulífsins (SA) og SGS



SNS og SGS

Starfsaldur hjá sveitarfélögum og ríki telur:

- 0- 3 mánuði í starfi 14 dagar
- Næstu 3 mánuði í starfi 35 dagar
- Eftir 6 mánuði í starfi 119 dagar
- Eftir 1 ár í starfi 133 dagar
- Eftir 7 ár í starfi 175 dagar
- Eftir 12 ár í starfi 273 dagar
- Eftir 18 ár í starfi 360 dagar



SA og SGS

Starfsaldur hjá sama vinnuveitanda telur:

- 0- 12 mánuði, 2 dagar fyrir hvorn unnin mán.
- Eftir 1 ár í starfi 1 mánuður
- Eftir 2 ár í starfi, 1 mán. + 1 mán. dagvinnulaun
- Eftir 3 ár í starfi 1 mán. + 2 mán. dagvinnulaun
- Eftir 5 ár í starfi 1 mánuður + 1 mán.
dagvinnulaun, bónus og vaktaálag + 2 mánuðir
dagvinnulaun



Veikindaskráning

Hver er tilgangur skráningar fjarvista vegna veikinda?

- Tilgangur veikindaskráningar í launakerfum er að halda utan um nýtingu veikindaréttar
- Tryggja að starfsmaður fái greidd laun í samræmi við áunnin réttindi



Veikindaskráning

- Veikindaskráning vegna launa er ekki góð leið til að rýna fjarvistir yfir löng tímabil
- Veikindaskráning vegna launa er ekki heldur heppileg leið til að bera saman veikindafjarvistir milli vinnustaða



Veikindaskráning frh.

Hvers vegna ekki ?

- Veikindaréttur eins og hann er tilgreindur í kjarasamningum er talin í heilum almanaksdögum
- Í mörgum tilvikum er því ekki verið að mæla eða skrá raunverulega fjarvist frá vinnu vegna veikinda þegar veikindadagar eru taldir



Skráning veikindafjarvista, dæmi 1

- Tveir starfsmenn sem áttu að skipta á milli sín átta tíma vinnudegi eru báðir veikir sama daginn.
- Á þann sem átti að mæta fyrir hádegi skráist einn veikindadagur og annar á þann sem mæta átti eftir hádegi
- Veikindaskráning telur í þessu tilviki tvo veikindadaga



Skráning veikindafjarvista, dæmi 2

- Starfsmaður í 40% starfi sem vinna á tvo daga í vikunni, átta tíma hvorn, er veikur
- Hann telst veikur alla vikuna þar sem hann er frá vinnu sem nemur vinnuskyldu sinni
- Ef um starfsmann í 100% starfi er að ræða eru veikindadagarnir einungis tveir fyrir jafnlanga fjarvist frá vinnu



Blessuð tölfræðin og veikindaskráningar

Hvaða áhrif getur þetta haft á tölfræði sem unnin er úr veikindaskráningu vegna launa?

- Veikindafjarvistir mælast hærri en ella ef hluti starfsmanna er í hlutastarfi
- Ef allir starfsmenn eru í fullu starfi teljast færri veikindadagar, þó heildartímafjöldi fjarvista sé sá sami í báðum tilfellum



Samanburður milli vinnustaða

- Eins og sjá má á þessum dæmum er samanburður á veikindaskráningum milli vinnustaða eða deilda ekki heppilegur nema um sé að ræða einsleita vinnustaði hvað varðar vinnuskipulag



Trúverðugleiki gagna

- Reynsla Akureyrarbæjar af innleiðingu á nýju launakerfi er sú að skráning veikindafjarvista varð réttari við breytta verkferla og aukna fræðslu um veikindarétt
- Sáum dæmi um sömu áhrif þegar unnið var að innleiðingu eldri vaktakerfa sem nú er verið að taka úr notkun



Trúverðugleiki gagna frh.

- Vísbendingar eru um að það sama í einhverjum tilvikum nú þegar unnið er að innleiðingu á vakta- og viðverukerfinu Vinnustund hjá öllum vinnustöðum
- Slík dæmi finnast bæði hjá vinnustöðum sem notað hafa vakta- og viðverukerfi og hjá þeim sem ekki hafa verið með rafræna viðveruskráningu af neinu tagi til þessa



Aukin veikindi

- Afleiðing þess að taka í notkun viðveruskráningarkerfi sem heldur með skýrum og aðgengilegum hætti utanum viðveru starfsmanna og fjarvistir, jafnhliða fræðslu um veikindarétt og skráningu veikinda ásamt yfirferð yfir alla verkferla er að veikindi „aukast“.



Rafræn viðveruskráning

Gefur tækifæri til að vinna með:

- Raunverulega fjarveru vegna veikinda í stað þess að vinna tölur um nýtingu á veikindarétti
- Greina tíðni fjarvista, lengd tímabila og mynstur
- Að greina skammtíma- og langtímafjarvistir
- Skoða áhrif fyrirkomulags vakta og lengdar vinnulota
- Láta reyna á áhrif aukins sveigjanleika starfsmanna



Mat á fjárhagslegum áhrifum

Hvaða leiðir eru færar?

- Að meta kostnað vegna greiðslu veikindalauna til starfsmanna sem eru fjarverandi vegna veikinda
- Meta kostnað sem fellur til vegna afleysinga s.s. greiðslur fyrir útköll, yfirvinnu og tímabundnar afleysingar



Mat á fjárhagslegum áhrifum

- Miklar fjarvistir frá vinnu hafa í för með sér minni starfsánægju þeirra sem eftir eru, aukna starfsmannaveltu og geta stuðlað að auknum veikindafjarvistum
- Áætla kostnað sem fellur til vegna aukins álags á þá sem eru í vinnu meðan samstarfsfólkið er frá vinnu vegna veikinda



Mat á fjárhagslegum áhrifum frh

- Ein leið er að vinna með rauntölur í klukkustundum í stað daga
- Áætla má kostnað út frá hverri unninni stund sem tapast í vinnuframlagi óháð því hvort bætt er við mönnun vegna fjarvista. Meta þannig tapað vinnuframlag þess sem er veikur
- Sambland þessara leiða



Viðveruskráning

Með rafrænni viðveruskráningu allra starfsmanna gefst tækifæri til:

- að vinna með aðgengileg gögn um fjarvistir
- greina vanda
- leita tækifæra til úrbóta



Markmið með úrvinnslu gagna

- Markmið sveitarfélagsins er að veita faglega, lipra og trausta þjónustu á skilvirkan og hagkvæman hátt
- Mikilvægur þáttur á þeirri vegferð er að vinna markvisst að því að draga úr fjarvistum og starfsmannaveltu og auka starfsánægju
- Mikilvægur grunnur að þeirri vinnu eru aðgengileg gögn um fjarvistir og vinnuskipulag sem nýtast við ákvarðanatöku og eftirfylgni



Takk fyrir áheyrnina

Fagleg



Við höfum góða þekkingu á verkefnum okkar
Við hjálpumst að innan og á milli vinnustaða
Við beinum erindum í réttan farveg og vísum þeim áfram fremur en fólki
Við nýtum okkur ábendingar og kvartanir til að bæta þjónustuna
Við erum áreiðanleg, orðvör og orðheldin

Lipur



Við tökum vinsamlega á móti fólki, brosum, heilsum og hlustum
Við sýnum fólki athygli um leið og það birtist
Við svörum síma eins fljótt og unnt er án þess að hann trufli aðra þjónustu
Við svörum erindum eins fljótt og hægt er
Við leitum góðra leiða og lausna

Traust



Við komum heiðarlega fram við alla og gætum jafnræðis
Við sýnum trúnað og traust og gætum þagmælsku
Við sýnum öllum virðingu, umburðarlyndi og skilning
Við gætum viðkvæmra gagna og upplýsinga
Við erum snyrtileg og berum virðingu fyrir umhverfi okkar

